

Fylgiskjal. Yfirlit yfir nýja COFOC lykla ásamt skýringum

Í fylgiskjali með reglugerð nr. 1212/2015 var m.a. gerð sú breyting að undir félagsþjónustukafla var bætt við fimm undirlyklum undir lyklinum „023 Þjónusta við börn og unglinga(barnavernd)“. Frá og með bókhaldsárinu 2016 eiga því öll sveitarfélög að greina og færa kostnað vegna barnaverndarmála á þessa fimm lykla í stað þess að færa allan kostnað á einn lið. Einnig var gerð sú breyting að undir málefni fatlaðs fólks bættist við nýr COFOC lykill. **Nýir lykjar eru rauðmerktir.**

02 3 ÞJÓNUSTA VIÐ BÖRN OG UNGLINGA (BARNAVERND)

Hér flokkast og greinist allur kostnaður vegna barnaverndarnefndar og ráðstafana barnaverndaryfirvalda, þ.e. kostnaður vegna vistunar og fósturs barna og ungmenna utan heimilis, skipunar tilsjónarmanna með heimilum o.s.frv., sbr. barnaverndarlög nr. 80/2001 með síðari breytingum og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

02 31 KOSTNAÐUR VEGNA BARNAVERNDARNEFNDAR

Hér flokkast allur kostnaður sem til fellur vegna starfa barnaverndarnefndar s.s launakostnaður til nefndarmanna vegna setu á fundum og ferðakostnaður/akstur (bifreiðastyrkir) nefndarmanna á fundi, fargjöld og dvalarkostnaður, lögfræðiaðstoð og málskostnaður. Allur launakostnaður og ferðakostnaður starfsmanna. Önnur aðkeypt þjónusta.

02 32 KOSTNAÐUR VEGNA VISTUNAR UTAN HEIMILIS

Kostnaður vegna vistunar barna utan heimilis í sérstök úrræði (stofnun og/eða vistheimili 84.gr. og 31.gr.).

02 33 KOSTNAÐUR VEGNA FÓSTURS UTAN HEIMILIS

Hér fellur til allur kostnaður vegna vistunar barns utan heimilis skv. 65.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 um fósturráðstöfun. Sjá reglugerð um greiðslur vegna barna í fóstri nr. 858/2013.

02 34 KOSTNAÐUR VEGNA ÚRRÆÐA Á HEIMILI

Kostnaður vegna t.d. tilsjónaraðila.

02 35 ANNAÐ

Hér fellur til m.a. kostnaður vegna úrræða utan heimilis svo sem vegna stuðningsfjölskyldna og sumardvalar.

02 5 ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK

Hér flokkast kostnaður vegna málefna fatlaðs fólks. Ef þjónustustofnun tilheyrandi verkefninu er rekin sem sjálfstæð rekstrareining flokkast hún meðal B-hluta fyrirtækja.

02 51 SAMEIGINLEGIR LIÐIR

Hér flokkast kostnaður vegna yfirstjórnar og annar kostnaður sem ekki verður sérgreindur á eftirtalдар þjónustur við fatlað fólk. Hér flokkast einnig reiknuð hlutdeild í rekstri af 05 o Sameiginlegir liðir.

02 52 FÉLAGSLEG LIÐVEISLA

Hér flokkast kostnaður sem fellur til skv. X. kafla laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra með síðari breytingum, það er almenn liðveisla skv. 24. gr.

02 53 HEIMAPJÓNUSTA

Hér flokkast kostnaður sem fellur til skv. 43. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

02 54 FERÐAPJÓNUSTA

Hér flokkast kostnaður sem fellur til skv. 35. gr. laga nr. 59/1992 með síðari breytingum.

02 55 FREKARI LIÐVEISLA

Frekari liðveisla skv. 25. gr. laga nr. /1992 með síðari breytingum.

02 56 BÚSETA

Hér flokkast kostnaður sem fellur til skv. VI. kafla laga nr. 59/1992 með síðari breytingum.

02 57 SKAMMTÍMAVISTUN

Hér flokkast kostnaður sem fellur til skv. 5. tl. 9. gr. laga nr. 59/1992 með síðari breytingum.

02 58 DAGPJÓNUSTA

Hér flokkast kostnaður sem fellur til skv. 2. tl. 9. gr. laga nr. 59/1992 með síðari breytingum.

02 59 ÖNNUR ÞJÓNUSTA

Hér flokkast önnur þjónusta eða kostnaður vegna málefna fatlaðs fólks en talin hefur verið upp hér að framan.